



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gerð hraðahindrana í ólíkum aðstæðum (US200248).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Spurt er hvort leiðbeiningum sé ávallt fylgt og af hverju ekki séu til íslenskar leiðbeiningar/reglur?

Við hönnun hraðahindrana í Reykjavík er erlendum leiðbeiningum fylgt, oftast norskum eða dönskum. Þar er lýst mismunandi gerðum og formi eftir aðstæðum. Sérstakar leiðbeiningar eru um útfærslu 30 km/klst "hliða" í Reykjavík á þeim stöðum þar sem 30km/klst hverfi eru afmörkuð.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar að vita af hverju ekki eru til íslenskar leiðbeiningar eða reglur um gerð hraðahindrana í ólíkum aðstæðum sem taki mið af reynslu við notkun hraðahindrana hér á landi?

Einnig er spurt hvort þessum norsku og dönsku leiðbeiningum hafi ávallt verið fylgt til hins ýtrasta?

Ef ekki, í hvaða tilfellum var þeim ekki fylgt og hverjar voru ástæður þess að gerðar voru undantekningar?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 26. ágúst sl.

Svar við fyrirspurn:

Í 42. gr. vegalaga nr. 80/2007, með síðari breytingum, er ráðherra samgöngumála veitt heimild til að setja almennar reglur um hönnun vega sem opnir eru almenningi til frjálstrar umferðar og eftirlit með gerð þeirra. Á grundvelli laganna hafa verið settar tvær reglugerðir, annars vegar reglugerð um lágmarks öryggiskröfur fyrir jarðgöng nr. 992/2007, með síðari breytingu, og hins vegar reglugerð um hönnun þjóðvega sem opnir eru almenningi til frjálstrar

umferðar nr. 180/2015. Á grundvelli 4. gr. hinnar síðarnefndu reglugerðar, hefur Vegagerðin gefið út veghönnunarreglur fyrir þjóðvegi.

Almenn ákvæði vegalaga um skyldur veghaldara og hönnun vega gilda um alla vegi á landinu. Engar sértækar reglur gilda þó um hönnun vega, annarra en þjóðvega. Þar af leiðir að engar íslenskar reglur gilda um hönnun hraðahindrana, frekar en aðra hluta almennra vega. Þá er rétt að geta þess að ekki er fjallað um hönnun hraðahindrana, í þeim veghönnunarreglum sem gilda um íslenska þjóðvegi, þó þar sé í efnisyfirliti gert ráð fyrir sérstökum kafla um hraðahindranir.

Svo sem réttilega er getið í fyrirspurn, miðar Reykjavíkurborg við að fylgja norrænum leiðbeiningum við hönnun hraðahindrana. Mikið er stuðst við hina norsku *Håndbok VI28 Fartsdempende Tiltak*, sem fjallar um gerð hraðahindrana við ólíkar aðstæður. Ekki er haldið utan um frávík frá leiðbeiningunum, þar sem ekki er um bindandi fyrirsmæli að ræða. Þá eru ekki fyrirliggjandi upplýsingar um hvort allar hraðahindranir í Reykjavík samræmist leiðbeiningunum. Ætla má að það séu frekar eldri hraðahindranir sem ekki eru í samræmi við leiðbeiningarnar.

Skrifstofunni er ekki kunnugt um ástæður þess, að ekki séu til íslenskar reglur um hönnun hraðahindrana. Rétt er þó að taka fram, að norrænar leiðbeiningar og staðlar um hraðahindranir, hafa reynst vel við íslenskar aðstæður.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri